

Fjármálaráðuneytið,
v. 348. máls, ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Lauslegt mati á verðlagsáhrif eftirtalinna gjaldskrár- og gjaldabreytinga skv. fjárlögum 2002:

Vopnaleytingargjald	0,01%
Komugjöld	0,05%
Lyfjakostnaður	0,09%
Afnotagjöld RÚV	0,05%
Skólagjöld	0,05%
Samtals	0,25%

Við þetta mat þarf hins vegar að hafa ýmsa fyrirvara:

Líklegt er að aukin þátttaka almennings í lyfjakostnaði komi ekki öll, og jafnvel aðeins í litlum mæli, fram í hærra lyfjaverði vegna samkeppni í greininni.

Erfitt er að meta verðlagsáhrif skólagjalda, m.a. þar sem hér er um hámarksheimildir að ræða sem engan veginn er víst að allir skólar muni nýta. Auk þess nýta ekki allir skólar í dag þessa gjaldtöku að fullu.

Þá er óvíst um tímasetningar. Afnotagjöld og vopnaleytingargjöld koma væntanlega strax inn um áramótin, en hinir þættirnir síðar.

Að öllu samanlögðu má því reikna með að heildaráhrif þessara breytinga geti orðið á bilinu 0,1-0,2% þegar upp er staðið. Sama niðurstaða fæst þegar heildarfjárhæðir eru metnar í hlutfalli við áætlaða einkaneyslu, eða um 0,17%.

Til viðbótar má nefna að gert er ráð fyrir hækkun á áfengisgjaldi á næsta ári. Engar tímasetningar liggja fyrir, en ekki er óvarlegt að reikna með að verðlagsáhrifin af þessari hækkun geti orðið á bilinu 0,05-0,10%.

Loks er rétt að hafa í huga að vægi opinberrar þjónustu í vísitölunni er 12% og að í almennum verðlagsspám er gert ráð fyrir að þessir þjónustuliðir hækki í takt við launa- og verðlagsbreytingar. Í nýjustu spá Seðlabankans (sem er samhljóða þeirri spá sem lögð er til grundvallar fjárlögum) er gert ráð fyrir um 4% verðhækkun yfir næsta ár. Í þessu felst "svigrúm" fyrir um 0,5% hækkunaráhrif opinberrar þjónustu á árinu. Hvað ríkið varðar er ljóst að gjaldskrárhækkanirnar eru langt innan þessara marka og geta því ekki talist stuðla að aukinni verðbólgu.

Gjaldskrárhækkunir í fjárlögum fyrir árið 2002.
Þjónustugjöld sem hafa líklega áhrif á verð þjónustu.

1. Vopnaleitargjald

Leggst á fargjöld í millilandaflugi frá Íslandi
Hækkar um 275 kr., eða úr 125 kr. í 300 kr.

Börn greiða lægra gjald, börn undir 2 ár á aldri undanþeginn gjaldinu.
Áætlað er að skili í heildartekjur á ári: 70 m.kr.

Meðlaverð utanlandsflugfargjalda auk flugvallaskatta í NVT er 40-50 þús.kr.

Hækkun verðs flugmiða er áætlað	0,61%
Vægi utanlandsferða í NVT er:	0,90% (utanlandsflug)
Áætluð áhrif á neysluverð:	<u>0,01%</u>

2.a Komugjöld á heilsugæslustöðvar:

Greiðist við heimsókn á heilsugæslustöð

Almennt gjald hækkar um 100 kr. úr 700 í 800 kr.

Börn, öryrkjar og eldri greiða 1/3 af gjaldi, mæðraskoðun gjaldfrjárls o.fl. undanþágur
Skilar í heildartekjur 40 m.kr.

Heildartekjur eru fyrir breytingu áætlaðar 350 m.kr., tekjur eftir breytingu 390 m.kr.

2.b Komugjöld til sérfræðilækna

Gjald er almennt 1.800 kr. auk 40% af því sem er umfram 1.800 kr.,
upp að 5.000 kr. þaki í hverri komu sem sett var á árið 1995.

Börn, öryrkjar og eldri borgarar greiða 1/3 af gjaldi.

Hámarksþök 18.000 kr. á ári þá kemur að sérstöku afslætti o.fl.

Tillaga er um að afnema 5.000 kr. þak í hverri komu.

Önnur afsláttarþök eru óbreytt.

Áætlaðar auknar tekjur og lækkun útgjalda er 160 m.kr. á ári.

Þar af er hækkun á greiðsluþáttu um 100 m.kr.

Heildargreiðslur notenda árið 2000 voru um 880 m.kr.

Heildarvelta sérfræðilækna var um 2.930 m.kr. árið 2000.

Áætlað er að sömu tölur árið 2001 nemi um 950 m.kr. og 3.200 m.kr.

Hækkun verðs er um	11,60% (vegið heilsug og sérfr.)
Vægi lækniskostnaðar í NVT er:	0,45% (komugjöld)
Áætluð áhrif á neysluverð:	<u>0,05%</u>

3. Aukin greiðsluþáttaka í lyfjakostnaði.

Áformað er að auka greiðsluþáttökuna um 310 m.kr. á ári.

Útfærsla er í vinnslu. Heildarvelta apoteka er áætluð 10,2 milljarðar kr. árið 2001

Heildarvelta með lyf og lækningavörur er áætluð 15,7 milljarðar árið 2001

Lyfseðilskyld lyf sem fara um Tryggingastofnun árið 2001 er áætli. 8.300 m.kr.

Þar af greiddu notendur 3.600 m.kr., eða um 43%

Hækkun notenda í lyfseðilskyldum lyfja:	8,60%
Vægi lyfseðilskyld lyfja í NVT er:	1,00% (lyfseðilskyld lyf)
Áætluð áhrif á neysluverð:	<u>0,09%</u>

4. Hækkun á afnotagjöldum RÚV.

Afnotagjöldin hækka um 7% frá næstu áramótum.

Iðgjald er nú 2.250 kr. á mánuði. Hækkun tekna er 140 m.kr.

Hækkun verðs er	7,00%
Vægi RÚV í NVT er:	0,65% (eða helmingur af 1,3%)
Áætluð áhrif á neysluverð:	<u>0,05%</u>

5.a Hækkun innritunar- og efnisgjalda í framhaldsskólum.

Innritunargjöld hækka úr allt að 6.000 kr. í 8.500 kr.

Efnisgjöld úr að hámarki 25.000 kr. í allt að 50.000 kr. á ári.

Áætlað er að innritunargjöldi auki tekjur skólanna um 38 m.kr. á ári.

Áætlað er að efnisgjöld skili 10 m.kr. auknum tekjum á ári.

Samtals aukast tekjur skólanna um 48 m.kr.

5.b Hækkun skrásetningargjalda í háskóla.

Skrásetningargjöld hækka úr að hámarki 25.000 kr. í 32.500 kr.

Áætlað er að heildartekjur háskóla hækki um 56 m.kr. á ári.

Hækkun skólagjalda er:	36,20% (vegið framhsk. og hásk.)
Vægi skólagjalda í NVT er:	0,40% (innrituar- og efnisgjöld)
Áætluð áhrif á neysluverð:	<u>0,14% OFMAT</u>

Samtals áhrif allra gjaldskrárbreytinga: 0,33%

Niðurstaðan er að áhrifin á NV T eru 0,2-0,3% líklega rétt um 0,2% vegna ofmats á vægi skólagjalda.

Til samanburðar þá er heildarhækkun 764 m.kr.
Einkaneysla árið 2002 er áætluð 445.300 m.kr.

Hækkun einkaneysluútgjalda 0,17%